

**Nd. 503. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [275. mál]**

í málinu: Frv. til l. um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Guðmundi Einarssyni,  
Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og  
Kjartani Jóhannssyni.

Par sem

- samningaumleitanir í þessum kjaradeilum hafa aðeins staðið yfir í 3–5 daga,
- samkomulag hafði tekist eða var að takast um mörg deiluatríðanna,
- deiluaðilar eru ekki sammála um að fullreynt hafi verið í samningaumleitunum,
- forsætisráðherra hefur viðurkennt í framsöguræðu sinni að tilraunir til samkomulags hafi verið minni en æskilegt hefði verið og
- takmarkaðar birgðir sjávarafurða eru löngu þekkt staðreynd og ekki sök eða á ábyrgð deiluaðila

telur deildin að forsendur frumvarpsins og rökstuðningur fyrir því standist ekki, vísar því málinu frá (til samningsaðila og sáttasemjara) og tekur málið af dagskrá.